

15. mars 2017

## Fjármál hins opinbera 2016, bráðabirgðauppgjör

*General government finances 2016, preliminary accounts*

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 416,8 milljarða króna árið 2016 eða 17,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 18,5 milljarða króna árið 2015 eða 0,8% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 1.415 milljörðum króna og jukust um 52% milli ára. Þessi góða afkoma skýrist öðru fremur af 384,3 milljarða króna stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust tekjurnar 58,4% samanborið við 42% árið 2015. Útgjöld hins opinbera voru 998,4 milljarðar króna 2016 eða sem nemur 41,2% af landsframleiðslu ársins en árið 2015 var þetta hlutfall 42,9%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2016 voru 208 milljarðar króna eða 8,6% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 171 milljarður króna en hlutur heimila 37 milljarðar eða 18% af útgjöldunum. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 486 þúsundum króna og hafa þau hækkað að raungildi um 3,4% frá fyrra ári.

Til fræðslumála var ráðstafað 178 milljörðum króna árið 2016 eða sem nemur 7,3% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnum hins opinbera 161 milljarður króna og hlutur heimilanna 17 milljarðar króna eða 9,5% af heildarútgjöldum málafloksins. Á verðlagi ársins 2016 námu fræðsluútgjöld hins opinbera 481 þúsund krónum á mann og eru þau 13,9% lægri en árið 2008, þegar útgjöldin náðu hámarki.

Samkvæmt áætlun út frá greiðslutölum námu peningalegar eignir hins opinbera 51% af landsframleiðslu í árslok 2016 meðan áætlað er að heildarskuldir hins opinbera hafi numið 88% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 2007 til að finna lægra skuldahlutfall.

### Inngangur

*Fjármál hins opinbera eru í  
brennidepli í þessu riti*

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Vikið verður að afkomuþróun hins opinbera, gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum, og heilbrigðis- og menntamálum gerð skil í talnaefni og myndum.




**Hið opinbera takmarkast við  
A-hluta ríkissjóðs, A-hluta  
sveitarfélaga og  
almannatryggingar**

## Umfang hins opinbera

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þröngr skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Mynd 1. Hlutfallsleg skipting tekna og gjalda undirgeira hins opinbera 2016<sup>1</sup>**  
*Figure 1. Relative size of government in terms of revenue and expenditure 2016<sup>1</sup>*



<sup>1</sup> Skipting tekna og gjalda hins opinbera með 384,3 ma.kr. stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármála- fyrirtækja. *Relative size with 384.3 billion ISK stability contribution from the estates of the fallen banks.*

Að teknu tilliti til stöðugleikaframlags námu runnu 80,7% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 19,2% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 19,5% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög eða 191,6 milljarðar króna til almannatrygginga og 31,8 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 18,6% eða 185,9 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,3% eða 302,1 milljarður króna, og ríkissjóðs 51,1% eða 510,4 milljarðar króna.

## Afkoma hins opinbera


**Tekjuafgangur hins opinbera  
nam 17,2% af landsframleiðslu  
2016**

Samkvæmt bráðabirgðatöllum var tekjuafkoma hins opinbera jákvæð um 416,8 milljarða króna árið 2016 eða sem nemur 17,2% af landsframleiðslu og 29,5% af tekjum hins opinbera. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 18,5 milljarða króna árið 2015 eða 0,8% af landsframleiðslu. Betri afkoma 2016 skýrist öðru fremur af 384,3 milljarða króna stöðugleikaframlagi. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 5,2% en þar vó þyngst 8,4% hækkuun launakostnaðar.

Nokkur munur er á niðurstöðum um afkomu milli Hagstofu Íslands og Fjársýslu ríkisins sem stafar meðal annars af mismunandi aðferð við meðhöndlun á arði frá fjármálastofnum í eigu ríkisins. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir

rekstrarhagnaði ársins að frádegnum virðisbreytingum, en endurmat, sala og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag. Þá er framlag ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 117,2 milljarða króna árið 2016 gjaldfært í greiðslutölum Fjársýslu ríkisins en hér er það fært til bráðabirgða yfir efnahagsreikning.

**Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu<sup>1</sup>**  
*Figure 2. General government financial balance as per cent of GDP<sup>1</sup>*



<sup>1</sup> Árið 2016 inniheldur stöðugleikaframlag frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja. 2016 includes stability contribution from the estates of the fallen banks.

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2016 er áætluð tekjuafkoma ríkissjóðs 415,8 milljarðar króna eða 17,2% af landsframleiðslu, samanborið við 5,9 milljarða króna halla árið 2015 eða 0,3% af landsframleiðslu.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2010–2016**  
*Table 1. General government finances 2010–2016*

Í milljörðum króna In billion ISK	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Tekjur hins opinbera <sup>2</sup> General gov. revenue <sup>2</sup>	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.415,3
Útgjöld hins opinbera <sup>3</sup> Gen. gov. expenditure <sup>3</sup>	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	949,5	998,4
Tekjuafkoma hins opinbera Gen. gov. NLB	-158,2	-95,0	-66,5	-34,8	-1,2	-18,5	416,8
<b>Hlutfall af VLF Per cent of GDP</b>							
Tekjur hins opinbera Gen. gov. revenue	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,0	58,4
Útgjöld hins opinbera Gen. gov. expenditure	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9	41,2
Tekjuafkoma hins opinbera Gen. gov. NLB	-9,8	-5,6	-3,7	-1,8	-0,1	-0,8	17,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs Central gov. NLB	-9,1	-5,7	-3,3	-1,8	0,8	-0,3	17,2
Tekjuafkoma sveitarfélaga Local gov. NLB	-0,8	-0,3	-0,5	-0,4	-0,8	-0,6	0,0
Tekjuafkoma almannatrygg. SSF NLB	0,1	0,4	0,0	0,3	-0,1	0,1	0,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

<sup>2</sup> Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar árið 2016. Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 2016.

<sup>3</sup> Framlag ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 117,2 ma.kr. árið 2016 hefur ekki verið gjaldfært heldur bókfært til bráðabirgða yfir efnahagsreikning. The Central government 117.2 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund in 2016 is temporarily counted as a balance sheet item with no impact on current expenditure.

**Tekjuhalli sveitarfélaga var 109 milljónir króna 2016**


Tekjuhalli sveitarfélaga árið 2016 er áætlaður 109 milljónir króna eða 0,005% af landsframleiðslu og 0,04% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli sveitarfélaga 13,7 milljarðar króna árið 2015 eða 0,6% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaga jukust um 11,9% milli ára.

### Tekjur hins opinbera

**Tekjur hins opinbera jukust um 52% milli ára**

Tekjur hins opinbera námu 1.415,3 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 52,0% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 58,4% samanborið við 42,0% árið 2015. Á árinu 2016 voru tekjur af stöðugleikaframlagi ríkissjóðs um 384,3 milljaðar króna.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu<sup>1</sup>**  
*Figure 3. General government revenues and expenditures as per cent of GDP<sup>1</sup>*



<sup>1</sup> Árið 2016 inniheldur stöðugleikaframlag frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja. 2016 includes stability contribution from the estates of the fallen banks.

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu úr 31,3% af landsframleiðslu 2015 í 47,5% árið 2016. Tekjur sveitarfélaga sem hlutfall af landsframleiðslu mældust 12,5% árið 2016 samanborið við 12,4% árið 2015. Tekjur almannatrygginga sem hlutfall af landsframleiðslu er áætlað 8,0% árið 2016 en samsvarandi hlutfall var 9,4% árið 2011.

**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2010–2016**  
**Table 2. General government total revenue 2010–2016**

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.415,3
Ríkissjóður <sup>2</sup> <i>Central government</i> <sup>2</sup>	474,7	497,1	545,5	584,5	686,1	692,4	1.149,7
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	194,4	214,2	224,4	243,6	254,9	273,6	303,6
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	143,0	160,6	157,8	166,8	168,6	178,8	194,4
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,0	58,4
Ríkissjóður <i>Central government</i>	29,3	29,2	30,7	30,9	34,2	31,3	47,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,0	12,6	12,6	12,9	12,7	12,4	12,5
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,8	9,4	8,9	8,8	8,4	8,1	8,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar árið 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 2016.*

*Skatttekjur- og tryggingagjöld  
námu 880,9 milljörðum króna  
2016*

Megintekjustofn hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld sem skiliðu 62,2% tekna þess árið 2016. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þessar tekjur 36,4% af landsframleiðslu samanborið við 36,7% árið 2015. Aðrar tekjur hins opinbera jukust um 415,4 milljarða króna milli ára. Þar munar mestu um stöðugleikaframlagið sem nam 384,3 milljörðum króna.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2010–2016**

*Table 3. General government main income types 2010–2016*


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.415,3
Skatttekjur <i>Taxes</i>	478,0	519,1	561,6	606,2	700,8	732,3	793,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	66,8	64,9	69,9	73,4	79,7	87,1
Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	2,9	3,7	2,9	2,5	2,7	3,0
Aðrar tekjur <sup>2</sup> <i>Other revenue</i> <sup>2</sup>	97,2	93,4	110,6	116,7	130,2	116,3	531,4
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,0	58,4
Skatttekjur <i>Taxes</i>	29,5	30,5	31,6	32,1	34,9	33,1	32,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,9	3,9	3,6	3,7	3,7	3,6	3,6
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,0	5,5	6,2	6,2	6,5	5,3	21,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar árið 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 2016.*

Tekjuskattar skiliðu hinu opinbera um 30,5% tekna þess eða 17,8% af landsframleiðslu árið 2016 sem er hækken frá árinu 2015 þegar þær voru 17,2%. Skattar á voru og þjónustu voru 20,3% teknanna eða um 11,9% af landsframleiðslu. Þar af nam virðisaukaskatturinn 8,5% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 4. General government main taxes as per cent of GDP*



Eignaskattar hins opinbera námu 1,9% af landsframleiðslu árið 2016, en á tíma-bilinu 1998–2016 var hlutfallið hæst árið 2000 eða 2,8%.

Tekjur af sköttum á alþjóðaverslun og viðskipti jukust um 4,3% frá árinu 2015 en aðrar skatttekjur drögust saman en þar munar mestu um að gjald af bankastarfsemi fer úr tæpum 32 milljörðum króna árið 2015 í tæpa 9 milljarða árið 2016.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2010–2016**  
*Table 4. General government taxes and social contributions 2010–2016*

Hlutfall af VLF / Per cent of GDP	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Skattar og tr.gjöld / Taxes and social contrib.	33,4	34,4	35,2	35,8	38,6	36,7	36,4
Skattar á tekjur og hagnað / Taxes on income	14,8	15,7	15,9	16,7	18,0	17,2	17,8
Skattar á launagreiðslur / Taxes on payroll	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
Eignaskattar / Taxes on property	2,3	2,3	2,5	2,5	2,5	2,0	1,9
Skattar á vöru og þjónustu / Taxes on G&S	11,4	11,5	11,9	11,7	11,7	11,6	11,9
Skattar á alþ.viðskipti / Taxes on intern. trade	0,4	0,4	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2
Aðrir skattar / Other taxes	0,4	0,5	0,6	0,6	2,2	1,7	0,6
Tryggingagjöld / Social contributions	3,9	3,9	3,6	3,7	3,7	3,6	3,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2010–2016**  
**Table 5. General government tax on income and profits 2010–2016**

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	239,7	266,8	283,2	315,6	360,5	381,0	432,2
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	197,3	220,6	234,5	258,6	270,6	298,0	344,0
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	14,6	29,5	34,0	40,5	66,8	52,5	61,1
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	27,7	16,8	14,8	16,5	23,1	30,5	27,1
<b>Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i></b>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	14,8	15,7	15,9	16,7	18,0	17,2	17,8
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,2	13,0	13,2	13,7	13,5	13,5	14,2
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	0,9	1,7	1,9	2,1	3,3	2,4	2,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	1,7	1,0	0,8	0,9	1,2	1,4	1,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

### Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera jukust um 5,2% milli ára

Útgjöld hins opinbera eru áætluð 998,4 milljarðar króna árið 2016 og jukust um 5,2% milli ára. Hlutfall heildarútgjalda af landsframleiðslu fór úr 42,9% árið 2015 í 41,2% árið 2016. Launakostnaður jókst um 8,4% milli ára og fjárfesting um 5,1%.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2010–2016**  
**Table 6. General government expenditure 2010–2016**


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	949,5	998,4
Ríkissjóður <sup>2</sup> <i>Central government</i>	621,5	593,7	603,9	618,0	669,8	698,3	733,9
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	207,8	219,3	233,0	250,9	271,0	287,3	303,7
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	141,1	154,0	157,3	160,8	170,0	177,7	193,2
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9	41,2
Ríkissjóður <i>Central government</i>	38,4	34,9	34,0	32,7	33,4	31,5	30,3
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,8	12,9	13,1	13,3	13,5	13,0	12,5
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,7	9,0	8,8	8,5	8,5	8,0	8,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

<sup>2</sup> Framlag ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 117,2 ma.kr. árið 2016 hefur ekki verið gjaldfært heldur bókfært til bráðabirgða yfir efnahagsreikning. *The Central government 117.2 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund in 2016 is temporarily counted as a balance sheet item with no impact on current expenditure*

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 5,1% milli ára en útgjöld sveitarfélaga um 5,7%. Útgjöld almannatrygginga jukust um 8,7%. Mest mældust útgjöld almannatrygginga árið 2009 eða 9,1% af landsframleiðslu.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vörum og þjónustu, voru 23,1% af landsframleiðslu eða heldur minni en árið 2015. Launaútgjöld eru stærsti hluti samneysluútgjaldanna eða 59,6%. Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust um 5,1% árið 2016, en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði úr 2,9% 2015 í 2,8% árið 2016.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2010–2016**  
*Table 7. General government expenditure by economic type 2010–2016*

Hlutfall af VLF / Per cent of GDP	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld <sup>2</sup> / Total expenditure <sup>2</sup>	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9	41,2
Laun / Wages and salaries	13,5	13,5	13,6	13,5	13,7	13,9	13,8
Kaup á vörum og þjónum / Use of goods & services	12,1	12,1	12,0	11,8	11,5	10,9	10,5
Vaxtagjöld / Interest	4,8	4,1	4,7	4,6	4,7	4,6	4,2
Fjárframlög / Grants	1,7	1,7	1,7	1,6	1,5	1,3	1,3
Framleiðslustyrkir / Subsidies	0,3	0,3	0,2	0,2	0,3	0,2	0,2
Félagslegar tilf. til heimila / Social benefits	7,5	8,1	7,6	7,1	7,0	6,4	6,2
Önnur tilfærsluútgjöld / Other expenditure	6,1	3,1	2,8	2,2	3,6	2,6	2,3
Fjárfesting / Acquisition of nonfinancial assets	3,4	2,7	2,7	2,9	3,1	2,9	2,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

<sup>2</sup> Framlag ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 117,2 ma.kr. árið 2016 hefur ekki verið gjaldfært heldur bókfært til bráðabirgða yfir efnahagsreikning. The Central government 117.2 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund in 2016 is temporarily counted as a balance sheet item with no impact on current expenditure

Vaxtagjöld hins opinbera námu um 101 milljarði króna 2016

Vaxtaútgjöld hins opinbera voru 101,1 milljarður króna árið 2016 eða 4,2% af landsframleiðslu en hlutfallið var 4,6% árið 2015. Það var hæst árið 2009 eða 6,0% af landsframleiðslu.

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera  
námu 7,1% af landsframleiðslu  
árið 2016*

## Heilbrigðismál

Einn stærsti málaflokkurinn í opinberum rekstri eru heilbrigðismál og árið 2016 fóru 17,1% heildarútgjalda til þeirra. Þau jukust um 10% frá 2015 til 2016 og námu 171,1 milljarði króna<sup>1</sup> eða 7,1% af landsframleiðslu. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála verið stöðug frá og með árinu 2010, um og yfir 7% af landsframleiðslu.

### Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2010–2016

Table 8. General government expenditure on health 2010–2016

HLUTFALL AF VLF / PER CENT OF GDP	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i> <sup>2</sup>	7,1	7,0	7,0	7,0	7,1	7,0	7,1
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6	0,6	0,5
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,3	1,4	1,4	1,5	1,5	1,5
3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i>	4,7	4,7	4,7	4,8	4,9	4,8	4,9
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 20 í töfluviðauka. Árið 2016 var 4,9% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsþjónustu og hefur það hlutfall verið mjög svipað undanfarin ár. Að raungildi á mann hafa útgjöld til sjúkrahúsa aukist um 4% og þjónustu við ferlisjúklinga aukist um 5,7% en útgjöld vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa dregist saman um 3,9%.

Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu vegur hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu þyngst, eða um 68,9%. Þjónusta við ferlisjúklinga, þar á meðal almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, kemur þar á eftir og nemur 21,4% af heilbrigðisútgjöldum eða 1,5% af landsframleiðslu. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður nam um 7,4% opinberra útgjalda til heilbrigðismála árið 2016 eða 0,5% af landsframleiðslu.

Í töflu 20 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru um 486 þúsund krónur á mann árið 2016 en frá árinu 2010 hafa þau hækkað um 4,2% á mann á föstu verði. Á árunum 2002 til 2009 voru þau aftur á móti hærri eða frá 500–520 þúsund krónur, á verðlagi 2016. Á árinu 2016 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 353 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu og þjónustu sérfræðilækna utan sjúkrahúsa tæp 110 þúsund og vegna lyfja og hjálpartækja tæp 38 þúsund krónur á mann.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2016**  
*Table 9. Total health expenditure 1998–2016*

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Heilbr.útgj.- staðvirt <sup>2</sup> <i>Health exp. in fixed Prices<sup>2</sup></i>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann <sup>2</sup> <i>Health exp. per capita<sup>2</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Alls <i>Total</i>			
1998	52.482	7,2	1,7	8,9	19,4	100,0	100,0
1999	60.947	7,9	1,7	9,6	17,6	109,9	108,6
2000	65.076	7,5	1,7	9,3	18,7	110,7	107,8
2001	72.221	7,4	1,7	9,1	18,8	114,1	109,6
2002	82.764	8,0	1,8	9,8	18,1	120,5	114,7
2003	87.303	8,2	1,8	10,1	18,3	122,1	115,6
2004	92.222	7,8	1,8	9,6	18,7	123,6	115,6
2005	97.154	7,5	1,7	9,2	18,6	124,5	115,2
2006	107.214	7,3	1,6	9,0	18,0	127,4	114,7
2007	119.388	7,2	1,5	8,8	17,5	133,9	117,8
2008	135.730	7,2	1,5	8,7	17,4	138,2	118,5
2009	144.966	7,5	1,6	9,1	18,0	133,5	114,5
2010	143.291	7,1	1,7	8,8	19,6	125,2	107,8
2011	147.150	7,0	1,7	8,6	19,4	122,9	105,5
2012	154.171	7,0	1,7	8,7	19,5	122,3	104,4
2013	164.469	7,0	1,7	8,7	19,3	125,5	106,1
2014	176.180	7,1	1,7	8,8	18,9	129,3	108,1
2015	190.614	7,0	1,6	8,6	18,5	132,0	109,3
2016 <sup>1</sup>	208.425	7,1	1,5	8,6	17,9	137,7	112,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Heilbrigðisútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísítölu samneyslunnar en heimilanna með undirvísítölu vísítölu neysluverðs fyrir heilsu. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure of the gen. gov deflated by price index of government final consumption, the households' share by subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

208 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2016

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998 til 2016 ásamt hlutfalli heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu. Þar sést að á árinu 2016 nam heilbrigðiskostnaður 208 milljörðum króna eða 8,6% af landsframleiðslu, en hlutfallið hefur verið stöðugt undanfarin ár. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin 10,1% af landsframleiðslu árið 2003.

Árið 2016 voru rúm 18% heilbrigðisútgjaldanna fjármögnuð af heimilunum og hefur hlutfallið farið lækkandi undanfarin 6 ár. Hæst hefur hlutur heimilanna farið í 19,6%, árið 2010, en lægstur var hann árið 2008 eða 17,4%. Rétt er að áréttu að um bráðabirgðatölur er að ræða.

Í töflu 9 eru einnig sýnd staðvirt heilbrigðisútgjöld. Voru heilbrigðisútgjöld á föstu verðlagi á mann mest árið 2003, en síðan þá hefur dregið úr þeim um 10%.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 160,8 milljörðum króna*

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 160,8 milljörðum króna á árinu 2016<sup>1</sup> eða 6,6% af landsframleiðslu. Tæplega helmingur útgjalda hins opinbera til fræðslumála rann til grunnskólastigsins eða sem nemur 3,1% af landsframleiðslu. Til háskólastigsins runnu tæp 21% af fræðsluútgjöldum hins opinbera eða 1,4% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín 17% útgjaldanna og síðustu 10% fóru til leikskólastigsins eða 0,7% af landsframleiðslu. Í heildina námu útgjöld til fræðslumála 16,1% af heildarútgjöldum hins opinbera.

**Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2010–2016**

*Table 10. General government expenditure on education 2010–2016*

Hlutfall af VLF	Percent of GDP	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
<b>Fræðsluútgj. alls<sup>2</sup></b>	<b>Expenditure on education<sup>2</sup></b>	7,3	7,1	7,0	6,9	7,0	6,9	6,6
1. Leískolastig	<i>Pre-primary education</i>	0,7	0,7	0,7	0,6	0,7	0,7	0,7
2. Grunnskólastig	<i>Primary and sec. education</i>	3,4	3,4	3,3	3,2	3,4	3,3	3,1
3. Framhaldsskólastig	<i>Upper secondary edu.</i>	1,2	1,2	1,2	1,2	1,1	1,2	1,1
4. Háskólastig	<i>Tertiary education</i>	1,6	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4	1,4
5. Önnur skólastig	<i>Other school leves</i>	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
6. Önnur fræðslumál ót.a.s.	<i>Education n.e.c.</i>	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðslujþ. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

Í töflu 21 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru á föstu verði um 481 þúsund krónur á mann árið 2016 eða 0,8% lægri en árið 2015. Að raungildi á mann drögust opinber fræðsluútgjöld saman um tæp 16% á árunum 2009 til 2013 en hafa frá 2013 aukist um 2,4%. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Í niðurbroti á skólastig, í töflu 21, má sjá að útgjöld til leikskóla- og barnaskólastigs lækkuðu um 0,7% að raungildi á mann frá 2015, til unginga- og framhaldsskólastigs var lækkun upp á 2,4% en til háskólastigsins var hækkun upp á rúm 2%.

*Útgjöld heimila og hins opinbera til fræðslumála námu samtals um 7,3% af landsframleiðslu*

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,3% af landsframleiðslu árið 2016. Rúm 10% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum. Staðvirk fræðsluútgjöld á mann árið 2016 eru 12,3% lægri en árið 2008, þegar þau náðu hámarki.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.


**Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2016**

Table 11. Total expenditure on education 1998–2016

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Fræðslu.útgj.- Staðvirt <sup>2</sup> <i>Edu. exp.</i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann <sup>2</sup> <i>Edu. exp. per capita<sup>2</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili House- holds	Alls <i>Total</i>			
1998	42.411	6,40	0,66	7,06	9,3	100,0	100,0
1999	46.750	6,57	0,67	7,24	9,2	103,7	102,4
2000	51.260	6,62	0,67	7,29	9,1	106,9	104,1
2001	60.076	6,88	0,69	7,57	9,0	115,7	111,1
2002	69.769	7,51	0,76	8,27	9,2	123,8	117,9
2003	72.171	7,47	0,85	8,32	10,2	123,0	116,4
2004	78.514	7,36	0,80	8,16	9,8	128,6	120,4
2005	87.733	7,55	0,80	8,35	9,6	137,1	126,9
2006	99.117	7,51	0,77	8,29	9,3	142,5	128,2
2007	108.172	7,20	0,73	7,93	9,2	146,3	128,6
2008	124.194	7,33	0,67	8,01	8,4	152,7	130,9
2009	129.874	7,46	0,69	8,15	8,4	145,9	125,1
2010	129.943	7,32	0,70	8,02	8,7	139,2	119,8
2011	133.463	7,14	0,71	7,84	9,0	135,8	116,6
2012	136.838	6,97	0,73	7,69	9,4	131,4	112,2
2013	144.225	6,89	0,74	7,63	9,7	132,7	112,2
2014	155.463	7,01	0,74	7,75	9,6	137,6	115,0
2015	168.098	6,87	0,72	7,59	9,5	139,4	115,4
2016 <sup>1</sup>	177.776	6,64	0,70	7,34	9,5	140,1	114,7

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*<sup>2</sup> Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísítolu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100.***Mynd 6. Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 6. General government expenditure functions as per cent of GDP



## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.243 milljörðum króna í árslok 2016 eða sem nemur um 51,3% af landsframleiðslu. Hlutafé og peningalegar eignir hækkuðu um 47,5% árið 2016 en hluti þess er vegna stöðugleikafamlags slitabúa fallinna fjármálfyrirtækja.

*Heildarskuldir hins opinbera námu 88% af landsframleiðslu í lok árs 2016*

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.126 milljörðum króna í árslok 2016 eða 87,8% af landsframleiðslu, samanborið við 100,0% árið á undan. Ær þetta fimmárið í röð þar sem skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu fara lækkið, en hæst var hlutfallið árið 2011, 126,7%. Í árslok 2016 er áætlað að erlendar lántökur hafi numið 8,5% af landsframleiðslu en svo lágt hlutfall hefur ekki mælst á árunum 1998–2015. Innlendar lántökur sem hlutfall af landsframleiðslu lækka einnig fimmárið í röð og eru 10,1%. Eignir og skuldir eru áætlaðar út frá greiðslutölum árið 2016 og geta niðurstöður breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

**Tafla 12. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2010–2016**


*Table 12. General government financial assets and liabilities 2010–2016*

Slík af VLF / Type of VLF	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	72,8	75,2	70,1	63,2	64,3	51,4	51,3
Skuldir <i>Liabilities</i>	118,6	126,7	123,6	114,7	114,2	100,0	87,8
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	44,6	46,4	47,2	44,6	43,8	40,2	35,4
Lántökur <i>Loans</i>	43,6	48,7	45,3	40,2	38,6	27,9	18,6
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	20,1	20,6	19,7	18,9	17,8	13,9	10,1
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	23,5	28,1	25,7	21,3	20,9	14,0	8,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,6	24,5	24,7	24,2	24,4	26,2	27,5
Viðskiptakuldir <i>Other accounts payable</i>	6,8	7,1	6,4	5,8	7,4	5,7	6,3
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-45,8	-51,4	-53,6	-51,4	-50,0	-48,6	-36,4

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**

*Figure 7. Central and local governments gross debt as per cent of GDP*



## **Frekari upplýsingar**

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vef Hagstofunnar: [www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera](http://www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera).

## **English summary**

In 2016, the financial balance of the general government was 416.8 billion ISK in surplus or 17.2% of GDP, compared with a deficit of 18.5 billion ISK in 2015 or 0.8% of GDP. The revenue increased by 52.0% while the expenditure increased by 5.2%. Included in 2016 is extraordinary revenue of 384.3 billion ISK due to stability contribution from the estates of the fallen banks. The general government total revenue in 2016 of 1.415 billion ISK amounted to 58.4% of GDP, compared with 42.0% in 2015. The general government total expenditure of 998 billion ISK amounted to 41.2% of the 2016 GDP, compared with 42.9% in 2015.

In 2016, the total expenditure on health was 8.6% of GDP, of which 82.1% was financed by the general government and 17.9% by households. The public health expenditure per capita was 475 thousand ISK in 2016 and has in real terms increased by 7.1% in the last five years.

The total expenditure on education was 7.3% of GDP in 2016, of which 90.5% was financed by the general government. The public health expenditure per capita was 456 thousand ISK in 2016 and has decreased by 13.9% from the peak of 2008 in 2015 prices.

An assessment based on cash transactions data shows that the general government total financial assets amounted to 51% of GDP at the end of 2016 and the total liabilities 88%. This is the fourth year in a row that the general government total liabilities' share of GDP has fallen.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of [Statistics Iceland](http://StatisticsIceland.is).

**Tafla 13. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2011–2016**

Table 13. General government statement of operations 2011–2016

Verðlag hvers árs, í milljónum króna Current prices, in million ISK	2011	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>682.304</b>	<b>740.768</b>	<b>795.732</b>	<b>906.988</b>	<b>930.966</b>	<b>1.415.277</b>
11 Skatttekjur Tax revenue	519.116	561.567	606.243	700.831	732.295	793.780
12 Tryggingagjöld Social contributions	66.820	64.882	69.899	73.432	79.707	87.120
13 Fjárfamlög Grants	2.944	3.733	2.881	2.534	2.689	3.000
14 Aðrar tekjur <sup>2</sup> Other revenues <sup>2</sup>	93.424	110.586	116.710	130.191	116.275	531.377
<b>Heildargjöld (2+31) Total expenditure (2+31)</b>	<b>777.342</b>	<b>807.229</b>	<b>830.530</b>	<b>908.205</b>	<b>949.454</b>	<b>998.434</b>
